

ÞJÓÐ OG SAGA

Undir örlagastjörnu

Fyrri hluti

Miklabæjar-Solveigar

Einar Benediktssyni hefur ungum verið hugleikin sagan af Miklabæjar-Solveigu. Milli tvítugs og þrítugs orti hann hið kynngimagnaða kvæði um hvarf séra Odds í Miklabæ. Fáum misserum síðar stóð hann sjálfur andspænis svipuðum atburðum og gerðust í Miklabæ laugardaginn fyrir pálmastunnudag 1778.

Nokkrum árum eftir að Benedikt Sveinssyni, föður Einars, var vikið úr yfirdómaraembætti var honum veitt sýslumannsembætti í Þingeyjar-sýslu. Því gegndi hann í 23 ár og bjó á Héðinshöfða á Tjörnesi. Einar lauk lögfræðiprófi í Kaupmannahöfn vorið 1892 og var síðan nokkur ár aðstoðarmaður föður síns.

Síðla hausts 1892 barst að Héðinshöfða bréf frá Hirti Þorkelssyni, hreppstjóra á Flautafelli í Þistilfirði. Í þessu bréfi skýrði hreppstjóri frá því, að sá orðrómur væri almennur í sveitinni, að vinnukona á prestsetrinu Svalbarði hefði síðari hluta sumars fætt barn í dul og lómið því fyrir. Hefðu margir þótt sjá þess merki, að hún væri vanfær, en síðan hefði henni horfið þykktin. Tilgátur manna væru, að hálfbróðir stúlkunnar, sem einnig var heimilisfastur á Svalbarði, kynni að hafa verið faðir barnsins.

Þetta bréf hafði verið nokkuð lengi á leiðinni, og Benedikt sýslumaður, sem þá hafði nýlega verið skipaður setudómari í málaferlum á Seyðisfirði, sendi Einar son sinn austur í Þistilfirðir til þess að rannsaka málið. En hann komst ekki austur að Svalbarði fyrr en nokkru eftir áramót.

Um þessar mundir var prestur að Svalbarði ungur maður, Ólafur Petersen, ættaður úr Hafnarfirði, nýlega kvæntur Ástríði Stefánsdóttur, prests í Vatnsfirði, Stephensens. Á heimili þeirra var allmargt vinnufólk, og meðal þess hálf-systkin, Sólborg Salína og Sigurjón að nafni. Voru þau sam-mæðra og Sigurjón nokkrum árum yngri. Hafði hann að mestu leyti alizt upp með móður sinni, sem var í vistum á ýmsum stöðum á Langanesi, Sléttu og í Þistilfirði, en naut tillags af hálfu föðurins. Þau systkinin virðast hafa verið af sómafólki komin, og þau fá yfirleitt heldur hlýlega vitnisburði sóknarpresta sinna. Við fermingu Sólborgar er hegðun hennar sögð allgöð og kunnáttu sáemileg, en hegðun Sigurjóns er talin ágæt og kunnáttu göð. Yfirleitt virðast þau hafa verið til þess borin að mannast allvel og njóta góðrar virðingar, þótt þau yrðu leiksoppar á-takanlegra örlaga.

Vitað er, að Sigurjón hafði mikinn hug á að stunda eitt-hvert nám, en fátækt bannaði honum það. Beindist þá hugur hans að því að draga saman nokkrar eigur, og hafði honum tekizt að koma sér upp tólf kindum og eignast nokkra tugi króna. Rúmlega tvítugur að aldri réðst hann í vinnu-mennsku til séra Ólafs á Svalbarði, ásamt móður sinni. Hún flutti þó í aðra vist að ári liðnu, en Sigurjón varð eftir. Árið 1891 kom Sólborg hálf-systir hans einnig á Svalbarðsheimil-ið. Höfðu þau hálf-systkinin aldrei fyrr verið samvistum.

Þegar Einar Benediktsson tók að kanna málið, varð fljótt ljóst, að samdráttur þeirra hafði lengi verið á allra vitorði, ekki aðeins á Svalbarðsheimilinu, heldur um alla sveitina. Einkum gerðist hann opinskár og augljós vorið 1892, og sóttist þá Sigurjón löngum eftir að sitja undir systur sinni, faðma hana og kyssa. Lét heimilis-fólkið í ljós fyrir réttinum, að því hefði þótt þetta óviðkunn-anlegt, en þó hefði það ekki séð neitt, sem það hlyti að á-lykta saknæmt. Eigi að síður vitnaðist, að því var kunnugt, að Sigurjón var stundum í rúmi Sólborgar um nætur, og fjög-urra ára barn, sem hún átti, hafði haft orð á því í áheyrn prestskonunnar, að frændi sinn kæmi stundum að hlýja sér.

Um þetta allt hafði vinnu-fólkið löngum rætt sin á milli og við prestskonuna af auðsjá-anlegri hneykslun, og iðulega hafði þetta líka borið á góma við utanbæjarfólk. Sumir heim-ilismanna höfðu þó talið skyldu sína vegna sóma prestsheimilis-ins að taka svari systkinanna út í frá. Einn vinnumannanna, Jón Bjarnason að nafni, hafði vakið máls á þessu við systkinin sjálf, en þau svöruðu því til, að þeim lægi í léttu rúmi marklaus orð-rómur, sem gosið hefði upp fyr-ir hálfu öðru ári. Þá færði vinnumaðurinn þetta í tal við prestinn, en hann tók lítt und-ir og taldi ekkert verulegt liggja til grundvallar slaðrinu. Þó áminnti hann Sigurjón um það í einrúmi að hneyksla ekki fólk. Móðir þeirra systkina hafði einnig gert sér far um að vanda um við þau og vara þau við gálauslegu framferði. En hér voru svo sterk öfl að verki, að allt kom fyrir ekki.

Þegar kom fram á sumarið, tók Sólborg að gildna. Fór hún þá að hafa orð á því, að óþarfi væri að hlifa sér við vinnu, eins og henni virtist gert. Hún væri ekki vanfær, enda þætti sér nóg að eiga eitt barn, er lægi við sveit. Sigurjón leiddi þetta einnig í tal á öðrum bæj-um. Var hann þá líkt og í gamni að geta sér til um, hver



Einar Benediktsson.

valdur myndi að þunga Sól-borgar, ef hún væri vanfær, en þætti síðan við: „Menn myndu kannske kenna mér það.“

Eins og nærri má geta, var varla um annað talað í sveitinni þetta sumar en ó-standið á Svalbarði. Hneyksl-unin var óskapleg, og yildu sumir senda sýslumanni kærur. Það fórst þó fyrir. Hinn ungi prestur var vinsæll í sóknun sínum, og menn hafa ef til vill skirrt við að angra hann með slíkum afskiptum. Eini maður-inn, sem fátt virðist hafa sagt, var séra Ólafur Petersen sjálf-ur. Þó hafði hann borið undir Björn Blöndal, lækni á Sævar-landi í Þistilfirði, hvort gild-leiki Sólborgar gæti átt sér aðrar orsakir en flestir hugðu. Kvað hann það ekki útilokað Einnig hafði hann innt að þessu í kyrrþey við Hjört hreppstjóra. Heyrt hafði prestur því og fleygt, að Sigurjón hefði farið þess á leit við mann í nágrenn-inu að gangast við barni Sól-borgar. Er líklegast, að prest-ur hafi vonað, að sú yrði lausn-in og litil bót þótt að því að æðrast, úr því sem komið var.

Prestskonan hafði leitað álits ljósmóður sveitarinnar, Járn-brár Einarsdóttur í Garði. En langt var um liðið síðan ljós-móðirin hafði séð Sólborgu, en það sagði hún prestskonunni, að sér hefði þá þótt andlits-bragð hennar tortryggilegt.

Sólborg hafði þau verk á Svalbarðsheimilinu, að hún var oft lengi ein frammi við á kvöldin og gekk seinna til náða en aðrir. Einn dag um haustið

bar svo við, að hún lasnaðist, og um sama leyti varð heimil-isfólk þess vart, að henni hvarf þykktin.

Þetta kom eins og reiðarslag yfir Svalbarðsheimilið og alla sveitina. Enginn hafði búizt við því, að þau systkinin gripu til hinna verstu óyndisúrreða. Mun flestum hafa runnið til rifja ógæfa þeirra.

Alþýðuflokkurinn...

Framh. af 1. síðu.

þætti óþægilegt að fá það framan í sig á því stigi. Þegar Guðmundur Í. varð utanríkis-ráðherra, vissu allir, að svíkja átti fyrirheitið um brottför hersins.

Í eldhúsdagssumræðunum í vor kom Guðmundur Í. öllum á óvænt. Hann minntist ekki einu orði á heretuna, en réðst í þess stað harkalega á Sjálf-stæðisflokkinn. — Við því hafði sízt verið búizt af honum. En allir hlutir eiga sér orsakir. Þessi nýi tónn hentaði vel manni, sem löngum hefur verið meðal hinna hægrissinnuðustu í Alþýðuflokknum, en stefnir nú að því að verða formaður hans og þarf að minnsta kosti að njóta til þess fulltingis þeirra, sem miðflokksmenn geta kall-azt innan hans.

Ný orrahríð í vændum?

Guðmundur Í. er mikill á-róðursmaður og á auðvelt með að aka seglum eftir vindi. Fari svo, að Emil afsali sér for-

mennskunni, mun slá í hart, ef Guðmundur vægir ekki fyrir Áka, sem nú hefur unnið sinn fyrsta sigur innan Alþýðu-flokksins, en mun ekki sætta sig við svo smátt. Við sigurinn í fulltrúaráðinu mun hann að sjálfsögðu færast mjög í auk-ana, því að þar fær hann tæki-færi og svigrúm til þess að láta til sín taka í flokksstarfinu og koma ár sinni fyrir borð.

Það eru því fullar líkur til þess, að þeim svarra, sem verið hefur um forystuna innan Al-þýðuflokksins í mörg ár, allt síðan Hannibal gerði þar byl-tinguna og andstæðingar hans síðan gagnbyltingu, linni ekki fyrst um sinn. Þvert á móti má jafnvel vænta þaðan nýrra og magnaðra stríðsfrétta, ef Emil kemur ekki í veg fyrir ófrið með því að sitja áfram í for-mannssætinu. Yrði viðureign milli Guðmundar Í. og Áka þó spaugileg að því leyti, að báðir munu hafa næsta svipaðar skoðanir.

Stúlkur í síldarhug

Sagt er, að mikill hugur sé í mörgum stúlkum, sem vinna í verksmiðjum, skrifstofum og verzlunum hér syðra, að kom-ast norður í sumarleyfi sínu, þegar síldarsöltun hefst.

Fregnirnar af hinni góðu síldveiði hafa ýtt við mörgum, og verði viðlíka góð veiði og verið hefur síðar í sumar, þeg-ar síldin er orðin hæf til sölt-unar, má gera ráð fyrir upp-gripatekjum nýrðra hjá dugleg-um síldarstúlkum.

Getraun

Margt hefur verið talað manna á milli um það, hvernig bankastjórnir fóru að því að næla sér í þrettánda mánaðarkaupið.

Hefur því verið stungið að blaðinu að efna til get-raunar um það, hve mikið bankastjórnir hafa í tíma-kaup þrettánda mánuðinn í árinu.

Einarsgarður



Í minningu um aldarafmæli Einars Helgasonar garðyrkjustjóra hefur garðurinn í hinni gömlu gróðrarstöð hans verið dubbaður upp. Hefur Hafliði Jónsson, garðyrkjuráðunautur Reykjavíkur-bæjar, sagt fyrir um það verk. Í brekkuhalla neðan við Laufásv-ginn er nafn Einars skráð blóm-um, eins og myndin sýnir. Sjálfir stafirnir eru úr einærri bráttegund, en eyðan milli þeirra er fyllt með hinum brúna spaðahnöðra. Umhverfis sporbauginn eru svo islenzkar-fjölur. — Þetta er allt mjög smekklegt.